

*Sent með tölvupósti*

Reykjavík, 27. október 2022

Alþingi  
Atvinnuveganefnd  
b.t. Stefán Vagn Stefánsson, formaður

**Efni: Umsögn til atvinnuveganefndar um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum (afurðastöðvar í kjötiðnaði), 120. mál, 153. löggjafarþing.**

Frumvarp þetta er núna lagt fram í fimmta sinn og eins og áður fagna Bændasamtök Íslands framlagningu þess og vísa til fyrri umsagna um málið. Að því sögðu telja samtökin rétt að vísa jafnframt til þess að innan Matvælaráðuneytisins er unnið að frumvarpi um sama málefni en samkvæmt þingmálastkrá áætlar matvælaráðherra að leggja fram frumvarp í febrúar um breytingu á búvörulögum þar sem lagðar verði til breytingar á lögnum í því skyni að styrkja stöðu og samtakamátt frumframleiðenda búvara og ýta undir samvinnu og hagræðingu í vinnslu og markaðssetningu búvara. Telja Bændasamtök Íslands að rétt væri að það frumvarp líti dagsins ljós og munu samtökin þegar þar að kemur setja fram sjónarmið sín um málefnið.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur